

**B 316/kultur****Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin**Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um ráðherranefndartillögu um Nordplus 2018–2022****Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún framlengi gildistíma Nordplus-áætlunarinnar til fimm ára (2018–2022)

**Bakgrunnur**

Norðurlandaráði hefur borist ráðherranefndartillaga þess efnis að framlengja gildistíma Nordplus-áætlunar norrænu menntamála- og rannsóknaráðherranna til áranna 2018–2022.

Nordplus styður verkefni, samstarfsnet og hreyfanleika á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Niðurstaða úttektar sem gerð var á áætluninni 2015 var sú að áætlunin gegndi hlutverki sínu í meginatriðum sem skyldi og mælt var með því að Norrænu ráðherranefndin framlengdi áætlunina. Athugasemdir voru gerðar við hlutaáætlunina Nordplus Norræn tungumál. Markmið hennar þótti óskýrt; þá var krafan um skandinavísku tungumálin sem vinnumál, einnig í umsóknum, talin torvelða þátttöku Eystrasaltsríkjanna, bæði í umsýslunni og fjölda umsókna auk þess sem krafan um að þrjú lönd tækju þátt í verkefnum virtist draga úr áhuga á að efna til samstarfs milli skóla og samtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.

Í ljósi þessara athugasemda leggja menntamála- og rannsóknaráðherrarnir til að tengingin við Yfirlýsinguna um málstefnu Norðurlanda verði skýrari; að nafni hlutaáætlunarinnar verði breytt í Nordplus Tungumál Norðurlanda til að undirstrika að hlutverk áætlunarinnar sé að örva áhuga, þekkingu og skilning á undirstöðu-tungumálum norrænna samfélaga (dönsku, finnsku, færeysku, grænlenzku, íslensku, norsku, samísku og sænsku), og táknmálum Norðurlanda; að vinnumálið skuli vera enska og að hægt verði að skila umsóknum á ensku eins og gildir um hinar undirráætlanir Nordplus. Til þess að auka áhuga á undirráætluninni Nordplus Tungumál Norðurlanda er lagt til að hún gefi möguleika á tvíhliða verkefnum og að styrkurinn geti numið allt að 75% heildarupphæðar styrkhæfra útgjalda (aukning úr 50%).



Norræna þekkingar- og menningarnefndin hefur verið upplýst um gang mála og gafst henni tvisvar tækifæri á að gera athugasemdir við Nordplus-áætlunina og áformin um að framlengja gildistíma hennar til fimm ára (2018–2022). Það gerðist á fundum nefndarinnar 26. janúar 2016 í Helsinki og 3. ágúst 2016 í Þrándheimi.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Þekkingar- og menningarnefndin metur það svo að markmiðið með Nordplus-áætluninni rími vel við ósk nefndarinnar um að styðja verkefni, hreyfanleika og samstarfsnet milli norrænna og baltneskra landa á öllum sviðum menntunar.

Nefndin styður þær breytingar sem lagðar eru til á undiráætluninni Nordplus Tungumál Norðurlanda og telur að þrátt fyrir að enska verði tekin upp sem stjórnarsýslumál og að hægt verði að skrifa umsóknir á ensku þá verði tekið skýrt fram að samtök og menntastofnanir á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum séu að sækja um styrki áætlunarinnar til verkefna sem eigi að örva áhuga á undirstöðu-tungumálum norrænna samfélaga. Nefndin telur að breytingatillögurnar verði til þess að auka áhuga fólks á verkefnum, hreyfanleika og samstarfsnetum um tungumál Norðurlanda, á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.

Reykjavík, 20. september 2017

*Angelika Bengtsson (SD)*  
*Annette Lind (S)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Iddimanggiu Bianco (IA)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Johanna Karimäki (gröna)*

*Jorodd Asphjell (A) **formaður***  
*Lars-Arne Staxäng (M)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Pauli Trond Petersen (T)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*